

Reykjavík, 27. nóvember 2020

Borgarráð Reykjavíkurborgar
Bæjarráð Garðabæjar
Bæjarráð Hafnarfjarðar
Bæjarráð Kópavogs
Bæjarráð Mosfellsbæjar
Bæjarráð Seltjarnarness

Efni: Ósk um samþykki fyrir lántökum vegna rekstraráætlunar 2021-2025

Á stjórnarfundum SORPU bs. hinn 22. október 2020 var rekstraáætlun samlagsins fyrir árin 2021-2025 samþykkt. Þar var jafnframt samþykkt fjármögnun samlagsins fyrir árið 2021. Um er að ræða framlenging á yfirdráttarheimild að upphæð 1.100 mkr. hjá Íslandsbanka hf. fram til 31.12.2021, ásamt nýrri lántöku allt að upphæð 300 mkr. til 10 ára

Á stjórnarfundum SORPU bs. hinn 27. nóvember var bókað:

„Framlagt af framkvæmdastjóra

Vegna rekstraráætlunar SORPU bs. 2021-2025

Íslandsbanki hf. hefur samþykkt að framlengja yfirdráttarheimild samlagsins að upphæð 1.100 mkr.

Yfirdráttarheimild mun framlengjast til 31.12.2021, og lánað og skilmálar haldast óbreyttir.

Íslandsbanki hf. hefur jafnframt samþykkt að veita samlaginu nýtt lán allt að 300 mkr. árið 2021 til 10 ára, óverðtryggt.

Stjórn samþykkir framlengingu á yfirdráttarheimild hjá Íslandsbanka hf. að upphæð 1.100 mkr. og samþykkir lántöku að upphæð allt að 300 mkr. einnig hjá Íslandsbanka hf.

Stjórn staðfestir umboð framkvæmdastjóra, frá 22. október 2020, til að ganga frá undirritun lánssamninga við Íslandsbanka hf. og tengdum skjölum í tengslum við þá.

Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að afla nauðsynlegra heimilda og ábyrgða frá eigendum SORPU bs.“

Hér með er óskað eftir formlegu samþykki sveitarstjórnar á lántökum samlagsins vegna rekstraráætlunar 2021-2025 þ.e. vegna framlengingu á yfirdráttarheimild hjá Íslandsbanka hf. að upphæð 1.100 mkr. fram til 31.12.2021 og vegna nýrrar langtímalántöku að upphæð allt að 300 mkr. árið 2021, til 10 ára, einnig hjá Íslandsbanka hf.

F.h. SORPU bs.

Helgi Þór Ingason
framkvæmdastjóri